

VII. KAFLI

Um fjármál og fleira.

13. gr.

Um fjárreiður skólans skal fara eftir ákvæðum í reglugerð.

14. gr.

Samningsaðilar um laun og hlunnindi hjúkrunarnemenda skulu vera: Skólanefnd H. S. Í. annars vegar og hins vegar fulltrúar stjórnarnefndar ríkisspítalanna og stjórnar borgarsjúkrahússins í Reykjavík.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og falla þá jafnframt úr gildi lög um Hjúkrunarkvennaskóla Íslands, nr. 76 frá 20. desember 1944.

Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um Handritastofnun Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Komið skal á fót Handritastofnun Íslands.

2. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að aukinni þekkingu á máli, bókmenntum og sögu íslenzku þjóðarinnar fyrr og síðar. Þetta geri stofnunin með öflun og varðveislu gagna um þessi efni, rannsóknnum á heimildum um þau, útgáfu handrita og fræðirita og með hverju öðru, sem stutt getur að þessu markmiði.

3. gr.

Stjórn stofnunarinnar sé falin nefnd manna, sem í séu þrír prófessorar við Háskóla Íslands, kosnir af háskólaráði til fjögurra ára í senn, landsbókavörður, þjóðskjalavörður, þjóðminjavörður og forstöðumaður stofnunarinnar. Menntamálaráðherra skipar einhvern þeirra formann stjórnarnefndarinnar. Nefndarstörfin séu ólaunuð.

4. gr.

Kveðið skal á um það í reglugerð, hvar Handritastofnunin sé til húsa.

5. gr.

Heimilt er að skipta stofnuninni í deildir eftir fræðigreinum. Kjarni stofnunarinnar sé sú deild, sem annast útgáfu handrita eða rita eftir handritum, svo og rannsóknir á þeim. Stofnunin taki við starfi handritanefndar háskólans.

6. gr.

Rekstur stofnunarinnar annist sérstakur forstöðumaður. Sé hann jafnframt prófessor í heimspekideild með takmarkaðri kennsluskyldu, og leiðbeini hann þeim nemendum, er taka hjá honum ritgerðarefni til lokaprófs. Til aðstoðar honum séu tveir menn, sem hafi fast og fullt starf við stofnunina.

Auk þess starfi við stofnunina styrkþegar, sem ráðnir séu til starfa um skamman tíma í senn. Heimilt er og að ráða nauðsynlegt starfslið til vélritunar, ljósmyndunar og annarra skrifstofustarfa.

Starfsmenn stofnunarinnar láti í té kennslu við háskólann í lestri handrita, fornskriftarfræði, útgáfutækni og öðrum þeim greinum, sem þeir eru sérfróðir um.

7. gr.

Menntamálaráðuneytið getur sett í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnunarinnar, ef þurfa þykir, þ. á m. um skipting hennar í deildir.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

FORSETABRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Alþingi, 82. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slita Alþingi í dag, miðvikudaginn 18. apríl.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.